

Því dæmist rétt vera:

Áfryjandinn Emil Strand greiði stefnda Oddi Gíslasyni yfirréttarmálaflutningsmanni fyrir hönd H. Chr. Gregersen 78 kr. 07 a. með 5 % vöxtum frá sátta-kærudegi til borgunardags. Að öðru leyti á bæjarþingsdómurinn að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 13. september.

Nr. 36/1909:

Réttvísín

gegn

Einari Jónssyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Reykjavíkurborgar, uppkveðnum 26. júní þ. á., var hinn ákærði, trésmiður Einar Jónsson, dæmdur fyrir stórþjófnað samkvæmt alm. hegningarlögum 25. júní 1869, 231. gr., 4. lið, til að sæta 1 árs betrunarhússvinnu; svo var hann og dæmdur til að greiða trésmiðaverksmiðjunni Völundi skaðbætur 521 kr. 20 a. með 5 % ársvöxtum frá 16. maí 1909 til borgunardags og loks var honum gjört að greiða allan sakar-

kostnaðinn. Þessum dómi hefir verið skotið til yfirréttarins af hálfu réttvísinnar.

Með eiginni játningu ákærða og öðrum skýrslum í málinu er það löglega sannað, að hann hafi alloft, að því er hann minnir 7 sinnum, brotist inn í trésmiðaverksmiðjuna Völund hér í bæ og tekið þar peninga; ákærði hafði unnið um hálf t þriðja ár í verksmiðju þessari og var honum því kunnug húsaskipun þar; svo var honum og kunnugt, hvar peningar verksmiðjunnar voru geymdir. Í fyrra haust hætti ákærði að vinna í verksmiðjunni, en um júlaleytið næst á eftir tók hann sér fyrir að brjótast þar inn og stela þar peningum úr peningaskáp verksmiðjunnar; gjörði hann það á sunnudagsmorgna, því að þá var mannaust í verksmiðjunni, en annars var þar aldrei mannaust, hvorki nótt né dag. Ákærði fór inn um hleragat sunnan á hlið verksmiðjuhússins inn í vélavinnustofuna og þaðan upp á loft í húsinu; fór þar inn í skrifstofuna með lykli frá vinnustofu þeirri, er hann hafði unnið í, en hann gekk að skrifstofudyrnum, og hafði ákærði lykilinn með sér. Peningana tók ákærði úr járnpeningaskáp í skrifstofuherberginu; komst hann í skápinn með lykli, er hann hafði sjálfur smíðað í því skyni; hafði hann nokkru fyrir júl í fyrra, er hann einu sinni var staddur í skrifstofunni, náð móti af lyklinum í kitti, sem hann hafði með sér til þess, og smíðað síðan lykilinn eftir mótinu; svo hafði hann sorfið til lykil, er gekk að skúffunni í peningaskápnum, án þess að hann hefði nokkurt mót af þessum lykli; svarf hann lykilinn til eftir minni. Með þessu móti fór ákærði alloft, sjö sinnum að hann minnir, eins og áður er sagt, í peningahirzlu Völundar, frá því um júl í fyrra og þangað til um miðjan

Einar Jónsson greiði og allan áfryjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningu- og talningu- laun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claesens og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors.

Iðgjöldin greiðist áður liðnar séu 8 vikur eftir lögbirtingu dóms þessa, og skal honum yfirleitt fullnægt með aðför að lögum.

Mánudaginn 20. september.

Nr. 34/1909:

Jóhannes H. V. Sveinsson
gegna

Einari Markússyni og
Guðmundi Eggerz sýslumanni.

D ó m u r :

Þegar mál þetta samkvæmt áfryjunarstefnu dags. 2. júlí þ. á. átti að taka fyrir í yfirdóminum 13. þ. m., kom áfryjandi eigi í réttinn og enginn af hans hendi, en fyrir hönd hins stefnda sýslumanns Guðmundar Eggerz kom þar Oddur Gíslason yfirréttarmálaflutningsmaður og krafðist kosts og tæringar handa stefnda hjá áfryjanda. Þessa kröfu ber að taka til greina og dæma áfryjanda samkvæmt N. L. 1—4—34 til að greiða stefnda Guðmundi Eggerz 6 kr. í ómaksbætur.